

SJÁLFBÆRNI- SKÝRSLA 2025

dagur



Um skýrsluna

Dagar eru rótgróið en jafnframt framsækið fyrirtæki sem byggir styrk sinn á öfluggu og reynslumiklu starfsfólki með áratuga sérþekkingu. Félagið er leiðandi í þjónustu við viðskiptavinum og í fremstu röð á sviði ræstinga, hreingerninga, fasteignasjónar og sérhæfðra vinnustaðalausna, þar á meðal öryggisþjónustu, almennrar þjónustu og nýsköpunar.

Dagar gefa nú út sjálfbærniskýrslu í annað sinn. Skýrslan veitir heildstæða yfirsýn yfir starfsemi félagsins árið 2025 og helstu áherslur þess. Félagið hefur sett sér skýr og mælanleg sjálfbærnimarkmið og fylgist reglulega með framvindu þeirra til að tryggja stöðugar umbætur. Í skýrslunni er árlega gerð grein fyrir árangri í sjálfbærnimálum og þeim skrefum sem tekin hafa verið í átt að ábyrgari og sjálfbærari rekstri.



Ávarp forstjóra

Brynhildur Guðmundsdóttir

Það hefur verið mér bæði ánægjuefni og heiður að taka við starfi forstjóra Daga og leiða áfram það öfluga starf sem hér er unnið á hverjum degi. Á undanförunum árum hafa Dagar þróast úr hefðbundnu ræstingafyrirtæki í heildstætt fasteignaumsjónarfyrirtæki sem tekur viðtækari ábyrgð á daglegum rekstri húsnæðis og vinnuumhverfa og styður þannig við rekstur viðskiptavina á skilvirkan og sjálfbæran hátt.

Sjálfbærni er óaðskiljanlegur hluti af okkar daglega rekstri. Við leggjum áherslu á að draga úr umhverfislegum áhrifum starfseminnar og styðja við viðskiptavinum okkar í þeirra vegferð í átt að aukinni sjálfbærni.

Styrkur Daga liggur fyrst og fremst í fólkinu okkar. Hér starfar fjölbreyttur og öflugur hópur sem sinnir störfum sínum af fagmennsku og metnaði. Við viljum vera traustur og eftirsóknarverður vinnustaður þar sem jafnrétti, öryggi, fræðsla og starfsþróun eru í forgrunni.

Við munum áfram þróa lausnir sem styðja við sjálfbæran rekstur viðskiptavina okkar og skapa raunverulegt virði til framtíðar.

Tilgangur okkar er skýr: **Við léttum þér lífið.**



„Við viljum vera traustur og eftirsóknarverður vinnustaður þar sem jafnrétti, öryggi, fræðsla og starfsþróun eru í forgrunni.“

Dagar og sjálfbærni

Dagar hafa það að markmiði að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þjónustu. Starfsemi félagsins nær til fyrirtækja og stofnana um allt land og gegnir það því mikilvægu samfélagslegu hlutverki í þeim rýmum og vinnuumhverfum sem það þjónustar. Eitt af markmiðum Daga árið 2026 er að móta og innleiða sjálfbærnistefnu sem mun mynda heildstæðan ramma um starfsemi félagsins á sviði sjálfbærni.

Dagar nálgast sjálfbærni út frá svokölluðu tvöföldu mikilvægi og hefur framkvæmt tvöfalda mikilvægisgreiningu. Sú greining felur í sér mat á því annars vegar hvernig þættir tengdir umhverfi, félagslegum málefnum og stjórnarháttum hafa áhrif á rekstur félagsins og hins vegar hvernig starfsemi þess hefur áhrif á sömu þætti.

Niðurstöður greiningarinnar liggja til grundvallar stefnu Daga, sem byggir á þremur grunnstoðum: umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Í greiningunni voru sex ESRS-staðlar metnir mikilvægir, þ.e. E1, E2, E5, S1, S4 og G1. Þeir eru skilgreindir sem undirflokkar þessara þriggja grunnstoða og mynda grunn að markvissri forgangsröðun og upplýstri ákvarðanatöku í sjálfbærnimálum.

Félagslegir þættir

- Eigin mannauður (S1)
 - Eftirsóknarverður vinnustaður
- Neytendur og endanotendur (S4)
 - Þjónusta



Stjórnarþættir

- Ábyrg starfsemi (G1)
 - Fyrirtækjamenning
 - Samfélagsáhrif
 - Upplýsingagjöf

Umhverfisþættir


- Loftslagsbreytingar (E1)
 - Orkuskipti og ferðavenjur
- Mengun (E2)
 - Efnanotkun
- Hringrásarhagkerfi (E5)
 - Úrgangur

Sjálfbærnimarkmið Daga


Dagar hafa sett mælanleg og tímasett sjálfbærnimarkmið og fylgja aðgerðaráætlun til að ná þeim markmiðum. Hér má sjá helstu áherslur félagsins í sjálfbærnimálum.

Helstu áherslur	Markmið	Árangur 2025
Loftslagsmál	<ul style="list-style-type: none">• Að draga úr losunarkræfni tekna um 85% árið 2030 miðað við árið 2019*• Að 70% bíla verði rafbílur árið 2027• Að endurvinnsluhlutfall sé 70% árið 2027	<ul style="list-style-type: none">• Dregið hefur verið úr losunarkræfni tekna um 72% frá árinu 2019*• 60% Daga-bíla eru rafbílur• Hlutfallið hækkaði milli ára og er nú 58%
Fjölbreytni og þátttaka allra á vinnustað	<ul style="list-style-type: none">• Að launamunur kynja fari ekki yfir 1%• Auka fjölda notenda í Bara tala appinu• Að starfsánægja sé yfir 7,6 og þátttökuhlutfall sé yfir 60%	<ul style="list-style-type: none">• Launamunur kynjanna mældist 0,1%• Fjöldi notenda í Bara tala helst stöðugur milli ára, um 200 einstaklingar• Meðalstarfsánægja var 7,9 og meðalþátttökuhlutfall 58%
Ábyrg starfsemi og vöruframboð	<ul style="list-style-type: none">• Að viðhalda ISO 14001 og Svansvottun á árangursríkan hátt• Að viðskiptaánægja sé yfir 4,2• Að hlutfall umhverfismælinga hreinsiefna í daglegri ræstingu sé 100%	<ul style="list-style-type: none">• Lokið var við tvær árangursríkar úttektir• Ánægja viðskiptavina mældist 3,9• Hlutfall umhverfismælinga efna í daglegum ræstingum er 99%

Sjálfbærnivegferð



Árið 2025



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru stofnuð árið 2015 og eru 17 talsins með 169 undirmerkiðum. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og með starfsemi Daga styðjum við sérstaklega við eftirfarandi heimsmarkmið.



Starfsemi Daga leggur m.a. upp með að stuðla að hreinu og heilnæmu vinnuumhverfi fyrir viðskiptavinum og draga markvisst úr notkun skaðlegra efna.



Hjá Dögum eru tryggð jöfn laun fyrir sambærileg störf og jafn aðgangur að framgangi í starfi. Þá er hlúið að virðingu, öryggi og jafnrétti á vinnustað.



Markmið Daga er að vera öruggur vinnustaður með sanngjörnum launum og skýrum ráðningakjörum. Boðið er upp á þjálfun og raunhæf tækifæri til starfsþróunar.



Hjá Dögum eru notuð umhverfisvottuð hreinsiefni og lögð áhersla á að draga úr efna- og auðlindanotkun. Lögð er áhersla á flokkun úrgangs, lágmörkun umbúða og endurnýjun búnaðar. Hjá Dögum er stuðlað að ábyrgri og faglegri útboðsmenningu.



Hjá Dögum er lögð rík áhersla á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, meðal annars með rafvæðingu bílaflotans. Þá er lögð áhersla á fræðslu og vitund starfsfólks um loftslags- og umhverfismál.

Ábyrg starfsemi

Svansvottun

Ræstingapjónusta Daga hefur verið Svansvottuð frá 2009 en árið 2025 hlaut félagið endurvottun Svansins og var það fyrsta fyrirtækið til að ljúka endurvottunarferlinu samkvæmt nýuppfærðum og strangari viðmiðum.

Svansvottun er vel þekkt umhverfismerki á Norðurlöndunum og er meginmarkmið Svansvottunar að draga úr umhverfisáhrifum ræstinga, m.a. með því að nota nánast aðeins umhverfisvottuð hreinsiefni við ræstingar og að stilla efnanotkun í hóf. Kröfur Svansins ná einnig til eldsneytisnotkunar, hringrásarhagkerfis, gæðastjórnunar og margs fleira. Svansvottunin hjálpar Dögum m.a. að setja sér krefjandi umhverfismarkmið í rekstri og staðfestir skuldbindingu Daga til vistvænna vinnubragða í öllu lífsferli þjónustunnar.



Ræstipjónusta
1076 0021

ISO 14001 vottun

Umhverfisstjórnunarkerfi Daga er vottað samkvæmt ISO 14001 en vottunin er staðfesting þess að Dagar vinna markvisst að stöðugum umbótum og markverðum árangri í umhverfismálum. Dagar voru fyrst fyrirtækja í greininni til að hljóta ISO 14001 vottun.

Árið 2025 hlutu Dagar endurvottun á ISO 14001 staðlinum og það sem gerir þessa endurvottun sérstaklega eftirtektarverða er að hún nær nú til allrar starfsemi Daga, ekki eingöngu ræstingahlutans eins og áður. Að ná vottun á alla starfsemina var markmið sem var sett fyrir árið 2026 og var því markmiði náð fyrr með samstilltu átaki og metnaðarfullri vinnu á öllum sviðum fyrirtækisins.



UMHVERFISÞÆTTIR

Umhverfisstefna Daga byggir á markmiðum, aðgerðum og lykilmælikvörðum sem ná til allra helstu sviða fyrirtækisins. Dagar geta haft jákvæð umhverfisleg áhrif í gegnum vöruframboð sitt og þar leggja Dagar upp með að gera vel. Dagar leggja áherslu á umhverfisvænar lausnir og bjóða viðskiptavinum upp á vottuð hreinsiefni og sjálfbærar aðferðir sem draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Árlega er haldin umhverfis- og öryggisvika þar sem sérstök áhersla er lögð á afmörkuð málefni á sviði umhverfis- og öryggismála.

Mánaðarlega er fylgst með völdum umhverfisþáttum. Í umhverfisbókhaldinu er árið 2019 notað sem viðmiðunarár við markmiðasetningu. Umhverfisbókhaldið er unnið með hliðsjón af losunarstuðlum Umhverfisstofnunar, sem voru uppfærðir í ágúst 2024. Einnig er stuðst við loftslagsmæli Festu sem er byggður á Greenhouse Gas Protocol en aðlagður að íslensku umhverfi eins og hægt er.

Helstu umhverfismarkmið


- Að draga úr kolefniskræfni tekna um 85% árið 2030 miðað við árið 2019*.
- Að 70% bílaflotans verði rafbílar árið 2027.
- Að endurvinnsluhlutfall sé 70% árið 2027.
- Að hlutfall umhverfisvottaðra hreinsiefna í daglegri ræstingu sé 100%.



Loftslagsbreytingar

Árangur Daga í umhverfismálum er skýr og mælanlegur. Frá árinu 2019 hefur heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni dregist saman um 68%, úr 268 tonnum CO₂ í 87 tonn CO₂ árið 2025.

Umfang 1 nær til losunar sem verður til við daglegan rekstur starfseminnar, svo sem vegna bensín- og dísilnotkunar og leigubílaferða. Umfang 2 nær til losunar sem tengist orkunotkun, þ.e. rafmagni og heitu vatni. Umfang 3 tekur til losunar sem tengist úrgangi og viðskiptaferðum.





Hér má sjá mælt kolefnisspor Daga frá árinu 2019


		2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Umfang 1	tCO ₂	258,4	223,7	233,5	215,5	182,8	98,5	70,2
Umfang 2	tCO ₂	4,4	3,1	3,9	8,0	7,8	8,1	7,4
Umfang 3	tCO ₂	5,5	3,5	7,0	15,2	10,2	6,8	9,0

Orkuskipti og ferðavenjur

Starfsemin krefst umtalsverðs aksturs á þjónustustaði og stærstur hluti kolefnisspors félagsins stafar af bensín- og dísilnotkun. Því leggja Dagar ríka áherslu á orkuskipti í rekstri sínum og hefur hlutfall rafbíla í bílaflotanum aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Með markvissri innleiðingu rafbíla hefur félagið náð að draga úr losun í umfangi 1 um 73% frá árinu 2019. Markmið Daga er að árið 2027 verði 70% bílaflotans rafknúinn og stefnt er að áframhaldandi rafvæðingu árin þar á eftir. Framvinda rafbílavæðingarinnar er þó háð ýmsum utanaðkomandi þáttum, svo sem þróun tækni og uppbyggingu innviða.



Árið 2025 var ný fjarvinnustefna Daga samþykkt en markmið stefnunnar er m.a. að veita starfsfólki á skrifstofu Daga sveigjanleika í vinnu og draga úr kolefnisspori félagsins. Sama ár var framkvæmd könnun meðal starfsfólks til að kortleggja ferðavenjur til og frá vinnu til að fá betri yfirsýn yfir samgöngumáta og meta hvort tækifæri væru til úrbóta með tilliti til sjálfbærni og verkefnaskipulags.



Efnanotkun

Minnkun efnanotkunar er mikilvægur þáttur í umhverfisstarfi félagsins. Svansvottun gerir ríkar kröfur til þess að efnanotkun sé stillt í hóf og hjá Dögum er lögð sérstök áhersla á að fræða starfsfólk um að sterkari efnablöndun jafngildi ekki betri þrifum.

Dagar leggja upp með að 100% hreinsiefna í daglegri ræstingu séu umhverfisvottuð og árið 2025 var um 99% daglegu ræstingaþjónustunnar framkvæmd með umhverfisvottuðum hreinsiefnum. Dagar nota í daglegum ræstingum hreinsiefnalínu sem er þróuð úr plöntuefnum og hefur bæði Evrópublóms- og Cradle to Cradle Gold umhverfisvottanir. Notkun á slíkum efnum gerir Dögum kleift að innleiða enn sjálfbærari vinnubrögð í daglegum þrifum og tryggja öruggara vinnuumhverfi fyrir starfsfólk, viðskiptavinum og skjólstæðingum þeirra.

Mengunarvarnir eru einnig hluti af daglegum rekstri. Í starfsmannaappi Daga eru skýrar leiðbeiningar og verklagsreglur um það hvernig ræstiaðstaða á að vera skipulögð, hvernig efni eiga að vera geymd og hvernig tryggja skuli öryggi, hreinlæti og rétt vinnulag. Í öryggisleiðbeiningum félagsins eru jafnframt skýrar verklagsreglur um efnanotkun og meðhöndlun efna. Þannig styðja Dagar bæði við mengunarvarnir og öruggt vinnuumhverfi með fræðslu, verklagi og aðgengilegum upplýsingum.

Dagar fylgjast stöðugt með þróun á sviði sjálfbærra vara og taka virkan þátt í að efla sjálfbærara vöruframboð.

**Um 99% hreinsiefna
í daglegum ræstingum og
100% efna í þvottahúsum
Daga eru umhverfisvottuð**



Evrópublómíð er umhverfismerki Evrópu-sambandsins og í vottunarferlinu er allur lífsferillinn metinn; umhverfisáhrif af auðlindanýtingu, framleiðsla, flutningur og notkun.



Cradle to Cradle er alþjóðlegur mælikvarði á vörur sem eru hannaðar og framleiddar með öryggi, hringrás og ábyrgð að leiðarljósi. Vottunin byggir á þeirri hugmyndafræði að vörur eigi ekki að verða að úrgangi, heldur eigi þær að geta snúið aftur inn í hringrás náttúrunnar eða iðnaðarins án þess að valda skaða.

Hringrásarhagkerfi

Dagar vinna stöðugt að því að minnka magn úrgangs og auka endurvinnsluhlutfall, en í höfuðstöðvum Daga er rusl flokkað í 13 flokka. Starfsfólk Daga er þjálfað í að fylgja flokkunarleiðbeiningum og einnig er lögð rík áhersla á að starfsfólk okkar flokki rétt hjá viðskiptavinum.

Markmið Daga var að ná 60% endurvinnsluhlutfalli árið 2025. Það markmið náðist ekki að fullu, en endurvinnsluhlutfallið var 58% og hækkaði frá fyrra ári. Félagið heldur áfram að vinna markvisst að því að bæta árangur á þessu sviði.

Við leggjum áherslu á ábyrg innkaup og fylgjum verklagsreglum um vistvæn innkaup. Reglurnar gilda um alla sem sjá um innkaup hjá Dögum og ná til allra mikilvægra umhverfispátta í starfseminni, auk krafna til þjónustuaðila og verktaka. Hugað er að því að kaupa í stærri einingum þegar við á og velja vörur úr endurunnum efnum. Þetta endurspeglast í vöruvali, þar sem hreinsiefnalínan sem notuð er í daglegum ræstingum er úr 100% endurunnu plasti. Þá er einnig keyptur EcoNatural pappír frá Lucart, sem framleiddur er úr endurunnum mjólkurfernum.



Samstarf í umhverfismálum

Lögð er áhersla á samstarf við sérhæfða aðila til að þróa sjálfbærari og faglegri lausnir í þjónustu. Slík samvinna miðar að því að efla þjónustu á sviði ræstinga, loftgæða og mygluvarna, með þeirri sýn að þessi viðfangsefni séu nátengd og að bestur árangur náist með samhæfðri greiningu, skýrum ferlum og markvissum viðbrögðum.




„Hreinlæti, loftgæði og forvarnir gegn myglu eru nátengd viðfangsefni”

Í mörgum tilvikum geta einkenni sem tengjast myglu og óhreinindum verið svipuð, svo sem óþægileg lykt, skert loftgæði eða vanlíðan starfsfólks. Án markvissrar greiningar getur því reynt erfitt að greina orsök vandans og bregðast rétt við. Með aukinni áherslu á faglega greiningu er unnt að meta aðstæður betur og velja viðeigandi úrræði, hvort sem um er að ræða breytingar á ræstingu, sértæka sótthreinsun, myglumeðhöndlun eða frekari rannsóknir.

Með þessari nálgun er lögð aukin áhersla á forvarnir, markvissa greiningu og skynsamlega nýtingu auðlinda, sem styður bæði við sjálfbærari rekstur og heilnæmara vinnuumhverfi.

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Markmið Daga er að vera aðlaðandi vinnustaður og fyrsta val starfsfólks í sambærilegum geira þar sem jafnrétti, öryggi, fræðsla og starfsþróun eru höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að hjálpa starfsfólki okkar að eflast og vaxa svo viðskiptavinir okkar geri það líka.



Á síðustu árum hafa störf í ræstingageiranum tekið miklum breytingum. Þessi störf voru áður gjarnan unnin sem aukavinna á kvöldin eða samhliða öðrum störfum, en í dag eru þau í vaxandi mæli orðin dagvinnustörf, oft unnin í fullu starfshlutfalli. Í könnun meðal starfsfólks þá líta 84% starfsfólks Daga á starf sitt sem aðalstarf, sem stuðlar að stöðugleika í mannauði, aukinni fagmennsku og sterkari fyrirtækjamenningu.

Helstu markmið í félagsþáttum


- Að launamunur kynja fari ekki yfir 1%
- Auka notendur í stafrænni íslenskukennslu
- Að starfsánægja sé yfir 7,6 og þátttökuhlutfall sé yfir 60%



Fræðsla og Daga appið

Fræðslustefna Daga byggir á markvissri starfsþjálfun sem styður bæði dagleg störf og langtímaþróun starfsfólks. Fræðslan skiptist annars vegar í skyldubundna fræðslu um öryggi, fagleg vinnubrögð og starfshætti fyrirtækisins og hins vegar valkvætt efni sem styður við starfs- og færniþróun. Fræðsla fer fram bæði staðbundið og í gegnum rafrænar lausnir og byggir á innra efni ásamt fræðslu frá utanaðkomandi sérfræðingum. Stjórnendur og sérfræðingar Daga miðla jafnframt reglulega hagnýtum leiðbeiningum sem byggja á reynslu innan fyrirtækisins, m.a. í gegnum “Dagatalið” sem er haldið einu sinni í mánuði.

Allt starfsfólk hefur aðgang að Daga appinu sem er miðlægur vettvangur fyrir innri upplýsingamiðlun, fræðslu og þjálfun. Efnið er aðgengilegt á íslensku, ensku og pólsku og starfsfólki skipt í fræðsluhópa eftir eðli starfa. Virkir notendur í appinu eru að jafnaði um 65%.




Árið 2025 var hlutfall virkra notenda 65%

Fræðsla og þjálfun 2025

Á árinu 2025 stóð starfsfólki til boða fjölbreytt fræðsla í gegnum Daga appið auk fræðsluerinda og námskeiða. Sérstök áhersla var lögð á öryggi, heilsu og stjórnendafærni þjónustustjóra sem eru helsti tengiliður framlínustarfsfólks.

Á árinu var einnig lögð aukin áhersla á innanhúss fræðslu. „Mánudagsmolar“ úr starfsmannahandbók voru birtir reglulega og stjórnendahandbók endurnýjuð til að styðja við samræmda stjórnun og skilvirkari verkferla.



Helstu fræðsluverkefni ársins:

Sértæk þjálfun

- Flokkunarfræðsla
- Skyndihjálparnámskeið
- Netöryggisnámskeið

Svona er að búa á Íslandi

- Íslenskukennsla
- Lestur launaseðla
- Að flytja til Íslands - hagnýtt efni

Stjórnendafærni

- Þjónustustjóraþjálfun
- Teymisstjóraþjálfun
- Sjálfsforysta

Heilsuhorn Daga

- Andleg líðan og hreyfing.
- Átak og vitundarvakning tengt Gulum september
- Streitustjórnun

Íslenskukennsla

Mikil áhersla er lögð á íslenskukennslu sem mikilvægan þátt í inngildingu, þátttöku og starfsþróun. Dagar hafa frá árinu 2023 verið í samstarfi við Bara tala, stafrænan íslenskukennara sem nýtir gervigreind og íslenska máltækni. Um 200 starfsmenn nýta sér að jafnaði íslenskukennslu í gegnum appið og á hverju ári er starfsfólk hvatt sérstaklega til að taka þátt í innanhúsáskorunum.

Í október 2025 fengu allir starfsmenn sem luku sérstakri áskorun í appinu viðurkenningu frá Dögum. Í áskoruninni sáum við 32% aukningu í notkun í appinu.

Starfsmaður Daga:

„Bara tala appið er mjög hjálplegt. Með teikningum, orðum og hljóði er hægt að læra mjög nytsamlega hluti. Á hverjum degi geturðu lært nýtt orð sem hjálpar þér að eiga samskipti á íslensku.“



Fólkið okkar

Við hjá Dögum erum stolt af því að skapa tækifæri fyrir konur til að vaxa í starfi. Í blaði Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) var viðtal við Önnu Kosmala, þjónustustjóra hjá Dögum. Anna hefur starfað hjá Dögum í 16 ár og sinnir nú leiðtogahlutverki hjá Dögum. Saga Önnu Kosmala er saga um hugrekki, vinnusemi og trú á fólk. Hún sýnir að með réttu umhverfi, trausti og tækifærum getur einstaklingur – sama hvaðan hann kemur – blómstrað og orðið leiðtogi. Í þeirri sögu speglast líka það sem Dagar vilja standa fyrir: að mannleg forysta skapi árangur sem endist. [Hér](#) er hægt að lesa viðtalið nánar.

„Forysta sem byggist á trausti“



„Krafturinn í konum er magnaður“



Þá fer hópur öflugra kvenstjórnenda fyrir starfsliði hjá Dögum og lögð er áhersla á að umhverfið á vinnustaðnum sé fjölskylduvænt og að starfsfólk fái tækifæri til að vaxa í starfi. Fjallað var um Daga í Morgunblaðinu og [hér](#) er hægt að lesa nánar um fréttina.



Jafnrétti og fjölbreytileiki

Hjá Dögum er lögð rík áhersla á að tryggja jafnrétti, fjölbreytileika og mannréttindi og við erum stolt af því að vera fjölmenningsleg fyrirtæki. Hjá fyrirtækinu starfa einstaklingar af u.þ.b. 35 mismunandi þjóðernum og er lögð áhersla á faglegt verklag og að öllum sé mætt af virðingu og sanngirni.

Dagar hafa mótað jafnréttisstefnu- og áætlun en markmið stefnunnar er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum fyrir alla. Dagar leggja áherslu á að skapa öruggt og hvetjandi starfsumhverfi og eru með skýra stefnu og viðbragðsáætlun er varða einelti, kynbundna- og kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustað. Jafnréttisfræðsla (EKKO mál) er skyldufræðsla hjá félaginu og með skýrum áherslum er lagt upp með að tryggja að Dagar sé vinnustaður þar sem jafnrétti, vellíðan og starfsþróun eru í fyrirrúmi.




Jafnrétti og fjölbreytileiki

Dagar voru eitt af fyrstu fyrirtækjum á Íslandi til að hljóta jafnlaunavottun og höfum við fengið endurvottun jafnlaunavottunar 2024-2027, sem staðfestir skuldbindingu okkar til sömu launa fyrir sambærileg störf. Árið 2025 var útskýrður launamunur 2025 0,1% konum í vil og skýrhlutfall 94%. Niðurstöðurnar eru vel yfir settum markmiðum og við erum mjög stolt af þeim.


Dagar hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um Jafnvægisvogina og tekur þannig þátt í að jafna hlutfall karla og kvenna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi. Markmið Jafnvægisvogarinnar er að auka jafnvægi í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði 40/60 kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi.



Óútskýrður launamunur




Kynjahlutfall starfsfólks Daga



Heilsa og öryggi

Starfsemi Daga hefur daglega áhrif á vinnuumhverfi tugþúsunda einstaklinga um land allt. Með notkun umhverfsvottaðra efna og sjálfbærra aðferða stuðlar félagið að heilnæmara vinnuumhverfi fyrir bæði starfsfólk og viðskiptavinum. Í Daga appinu er sérstakt heilsuhorn þar sem finna má fjölbreytta og aðgengilega fræðslu um heilsutengd málefni, svo sem hreyfingu, næringu og andlega líðan. Dagar eru í samstarfi við Heilsuvernd og Auðnast og nýtur með því sérfræðiaðstoðar sem styður við markvisst og öflugt vinnu- og heilsuverndarstarf.


Öryggi starfsfólks er lykilþáttur í starfseminni. Starfandi er öryggisnefnd sem kemur saman að minnsta kosti ársfjórðungslega. Helstu verkefni nefndarinnar felast í að fræða starfsfólk um þá áhættu sem tengist öryggi og heilsu á vinnustað, tryggja að það fái viðeigandi þjálfun, sinna gerð og eftirfylgni áhættumats, og hafa eftirlit með því að tæki og búnaður séu örugg og í samræmi við kröfur. Þá fylgist nefndin einnig með skráningu slysa og vinnur úrbótaáætlanir þegar þörf krefur. Slyss og næstum slyss eru skráð markvisst með það að markmiði að greina orsakir og koma í veg fyrir endurtekningu. Á árinu 2025 var aukin áhersla lögð á að efla öryggisvitund starfsfólks og styðja þannig við stöðugar umbætur í öryggismálum.



Þjónusta

Markmið Daga er að styðja við rekstur viðskiptavina okkar á sjálfbæran og skilvirkan hátt og veita framúrskarandi þjónustu sem eflir viðskiptasambönd. Í stað þess að sinna afmörkuðum verkefnum tökum við ábyrgð á daglegum rekstri húsnæðis og vinnuumhverfa sem þýðir færri snertifletir, skýrari ábyrgð og meiri fyrirsjáanleiki í rekstri fyrir viðskiptavini. Um leið skapast nærandi vinnuumhverfi sem styður við starfsfólk og eflir langtímaárangur fyrirtækja.

Árið 2025 hlutu Dagar viðurkenningu Credit Info sem eitt af Framúrskarandi fyrirtækjum ársins, þriðja árið í röð, en það eru aðeins um 2% íslenskra fyrirtækja sem ná svipuðum árangri og Dagar. Þessi árangur er ekki bara mælikvarði á rekstur eða fjárhagslegan styrk heldur er hann einnig afrakstur samheldni, fagmennsku og vitnisburður um metnað starfsfólks Daga, sem leggur sig fram á hverjum degi við að skapa áreiðanlega og góða þjónustu fyrir viðskiptavini okkar.




Gullna brosið

Til að efla og meta starfsfólk af virðingu veita Dagar tvisvar á ári Gullna brosið sem er viðurkenning sem starfsfólki Daga er veitt fyrir framúrskarandi þjónustu. Viðurkenningin byggist á jákvæðri endurgjöf viðskiptavina og tilnefningum samstarfsfólks sem vill leggja áherslu á góða frammistöðu og þjónustulund. Þá bjóða Dagar reglulega þjónustupjálfun fyrir þjónustustjóra og framlínustarfsfólk.



Ánægja viðskiptavina

Árlega er framkvæmd þjónustukönnun meðal viðskiptavina Daga til að meta upplifun og ánægju þeirra. Meðal þess sem viðskiptavinir okkar eru spurðir út í er viðmót starfsfólks Daga, gæði þjónustu og frumkvæði. Niðurstöðurnar eru nýttar til að greina þróun og styðja við áframhaldandi umbætur í þjónustu og samstarfi við viðskiptavini.



Helstu markmið varðandi ánægju viðskiptavina

- Að heildaránægja sé yfir 4,2
- Að NPS sé yfir 0
- Að uppfylling væntinga sé yfir 80%
- Að viðmót starfsfólks sé yfir 4,6
- Að gæði vinnu sé yfir 4,9

STJÓRNARHÆTTIR



Fyrirtækjamening

Dagar byggja upp og hlúa að jákvæðri fyrirtækjameningu þar sem starfsfólk upplifir að það tilheyri og hafi jöfn tækifæri til að vaxa og þróast. Mánaðarlega eru framkvæmdar mannauðsmælingar sem snúa að ýmsum þáttum líkt og tækifærum til vaxtar, aðbúnaði, starfsánægju, heilsu og vellíðan og hversu vel starfsfólk samsvarar sig fyrirtækinu. Mannauðsmælingarnar gefa okkur tækifæri að fá í rauntíma upplýsingar um mikilvæga mannauðsmælikvarða til að geta brugðist við ef þess þarf.



Fyrirtækjamening

Árið 2025 mældist starfsánægja yfir markmiðum en meðalsvarhlutfall var rétt fyrir neðan markmið. Allt starf Daga á sviði mannauðsmála tengist þessum markmiðum og stöðugt er unnið að því að finna nýjar leiðir til að styðja enn betur við starfsfólk og efla starfsánægju enn frekar.



Fyrirtækjamenning

Í desember ríkti mikil jólastemning hjá Dögum. Allt starfsfólk var hvatt til að veita samstarfsfólki sínu hrós í gegnum „Jólahrósið 2025“. Um 300 hrós bárust og vakti það mikla gleði að fá falleg og einlæg orð frá samstarfsfólki. Einnig var haldin keppni um flottustu jólaskreytingarnar á starfsstöðvum sem fékk góð viðbrögð og vakti ánægju meðal starfsfólks.



Samfélagsáhrif

Dagar styðja við jákvæða útboðsmenningu með áhrifum sínum og stuðla að því að greinin greiði rétt laun í stórum útboðum. Á árinu tóku Dagar og fulltrúar félagsins virkan þátt í málstofum, ráðstefnum og erindum þar sem fjallað var m.a. um stjórnarhætti, útboð, launamál og sjálfbærni í þjónustugeiranum. Jafnframt áttu fulltrúar Daga sæti í vinnuhópum og nefndum á vegum Samtaka atvinnulífsins, Samtaka verslunar og þjónustu, Festu og annarra aðila vinnumarkaðarins, og héldu uppi reglulegu samstarfi við stéttarfélög og hagsmunaaðila með það að markmiði að stuðla að faglegum stjórnarháttum. Með þessari þátttöku leggur fyrirtækið sitt af mörkum til þróunar ábyrgari og gagnsærri útboðsmenningar á markaði.

Á árinu studdu Dagar ýmis samfélagsleg málefni. Fyrirtækið styrkti meðal annars starfsemi Björgunarsveitar Hafnarfjarðar með kaupum á stóra Neyðarkallinum og er jafnframt stoltur styrktaraðili keiluliðsins KF Döff hjá ÍR. Um hátíðarnar tóku forsvarsmenn Daga þá ákvörðun að verja fjármunum í mikilvægt samfélagsmál í stað þess að gefa viðskiptavinum og samstarfsaðilum jólagjafir. Kvennaathvarfið varð fyrir valinu en það sinnir ómetanlegu starfi og veitir konum og börnum sem flýja heimili sín vegna ofbeldis öruggt skjól, ráðgjöf og stuðning.



Siðferði

Dagar starfa eftir siðareglum sem tilgreina lykilatriði varðandi siðferði og heiðarlega starfshætti sem eiga við í rekstri fyrirtækisins og eru leiðarljós fyrir starfshætti, framkomu og viðhorf starfsfólks. Stefnan nær til alls starfsfólks Daga og er hluti af ráðningarskilmálum þess. Dagar eru leiðandi í þjónustu á sínu sviði og því í mikilvægri stöðu að gæta siðferðislegar og samfélagslegrar ábyrgðar bæði inn og út á við. Árið 2026 ætla Dagar að leggja enn frekari áherslu á málaflokkinn og móta birgjastefnu.

Upplýsingagjöf

Undanfarin ár hafa Dagar lagt aukna áherslu á sjálfbæra upplýsingagjöf, bæði til innri og ytri hagaðila. Þetta er önnur sjálfbærniskýrsla félagsins og verður áfram unnið að því að styrkja og fjölga þeim upplýsingum sem veittar eru. Eitt af markmiðum Daga fyrir árið 2026 er að móta sjálfbærnistefnu sem skilgreinir helstu áherslur félagsins. Að auki hyggst félagið nýta ýmis tækifæri, meðal annars með því að birta fleiri sjálfbærniupplýsingar í Daga-appinu.

